

Ár 2015, fimmtudaginn 17. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur, Óskari Bergssyni, Svanhildi Kaaber og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör dómara

I.

Samkvæmt 3. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 með síðari breytingum ákveður fullskipað kjararáð laun hæstaréttardómara og héraðsdómara.

II.

Fyrir kjararáði liggur beiðni Dómarafélags Íslands um heildarendurskoðun launakjara dómara. Í minnisblaði félagsins sem lagt var fram á fundi kjararáðs í nóvember 2012 kemur fram að kjararáð hafi aldrei fjallað heildstætt um störf dómara og tekið mið af því að starfsöryggi og sjálfstæði dómara þurfi að vera tryggt. Dómarar séu sjálfstæðir í dómstörfum og leysi þau af hendi á eigin ábyrgð, fari eingöngu eftir lögum og lúti aldrei boðvaldi annarra. Um sé að ræða fámennan hóp einstaklinga sem beri mikla ábyrgð og þurfi oft að taka ákvarðanir sem ekki eingöngu varði einstaklinga heldur einnig allan almenning. Þá séu verulegar takmarkanir á því hvaða aukastörfum dómarar megi gegna og þeim sé óheimilt að gegna stjórnunarstörfum í félagi eða hjá öðrum lögaðila sem hafi þann megintilgang að stunda atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni. Einnig er bent á að fullskipuðu kjararáði sé ætlað að taka ákvörðun um launakjör æðstu handhafa ríkisvaldsins, þar á meðal hæstaréttardómara og héraðsdómara, en þriggja manna kjararáð taki ákvörðun um launakjör annarra. Gera verði þá kröfu til ráðsins að ákvarðanir þess um launakjör dómara endurspegli þessa staðreynd.

Í minnisblaðinu kemur einnig fram það mat dómara að launaflokkaröðun þeirra sé óásættanleg, sérstaklega þegar horft sé til innbyrðis samræmis og stöðu dómara í hinu þrískipta ríkisvaldi. Einnig leggja dómarar áherslu á að færa einingar inn í mánaðarlaunin. Þá sé ekki tilefni til þess að tímabundnar einingar sem dómurum hafi verið ákveðnar falli niður. Álag sé mikið og viðvarandi, mál séu stærri og erfiðari en áður og oftast þörf á fjölskipuðum dómi, bæði í einkamálum og sakamálum. Einnig er gerð sú krafa að varadómstjóranum í Reykjavík verði raðað sérstaklega í launaflokk.

Með bréfum dagsettum 14. nóvember 2012 var innanríkisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Þá var öllum dómurum með bréfum dagsettum sama dag gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993.

Innanríkisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 28. nóvember 2012. Í bréfinu segir að ráðuneytið muni ekki skila sérstakri greinargerð vegna minnisblaðs dómara. Hins vegar er í bréfinu vísað til tímabundinnar fjölgunar dómara vegna þess álags sem hvíli á dómstólum landsins. Einnig er vísað til tímabundinnar heimildar til þess að skipa varadómara í Hæstarétti í einstökum málum þó svo að sæti dómara sé ekki autt. Þannig verði unnt að fjölga dómurum í Hæstarétti til að takast á við aukinn málafjölda án þess að skipa þá varanlega í embætti. Einnig verði heimilt að skipa varadómara sem orðnir séu 70 ára úr hópi þeirra sem uppfylla skilyrði dómstólalaga til að gegna embætti hæstaréttardómara. Þá verði unnt að setja hæstaréttardómara tímabundið í stað dómara sem fengið hafi leyfi frá störfum þó hann hafi náð 70 ára aldri. Með þessu hafi verið brugðist við álagi á dómstóla landsins sem skapast hafi í framhaldi af falli fjármálakerfisins.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 18. desember 2012. Í bréfinu segir að í minnisblaði Dómarafélags Íslands sé farið yfir mörg atriði er varði launakjör dómara. Meðal annars komi þar fram að ekki verði séð að kjararáð hafi fjallað heildstætt um störf

dómara og tekið mið af því að starfsöryggi og sjálfstæði dómara þurfi að vera tryggt. Þá sé vísað til úrskurðar kjararáðs um sérstakar greiðslur vegna tímabundins álags á dómara sem rætur eigi að rekja til flókinna og umfangsmikilla mála vegna efnahagshrunsins. Segir í bréfinu að afstaða ráðuneytisins sé að kjararáð horfi meðal annars til þessara þátta við athugun á því hvort launakjör dómara verði tekin til endurskoðunar.

Kjararáði bárust bréf frá flestum dómurum í nóvember 2012. Í bréfunum er tekið undir sjónarmið um heildarendurskoðun launakjara dómara þannig að þau verði ákvörðuð í samræmi við stöðu dómsvaldsins í stjórnskipaninni. Í mörgum bréfanna er einnig vísað til fjölgunar mála, þau séu flóknari og umfangsmeiri en áður og leiði það til aukins álags í starfi dómara.

Í bréfi dómstjórans í Reykjavík dagsettu 8. febrúar 2013 eru færð rök fyrir því að varadómstjóranum í Reykjavík verði raðað sérstaklega í launaflokk. Er í því sambandi vísað til þess að héraðsdómstóllinn í Reykjavík sé langstærsti dómstóll landsins, bæði þegar litið sé til fjölda starfsmanna og málafjölda. Fjallað sé um starfssvið dómstjóra í lögum um dómstóla nr. 15/1998. Því til viðbótar er tekið fram í bréfinu að dómstjóra berist fjölmörg og margvísleg stjórnsýsluverkefni, auk erinda af ýmsu tagi frá lögmönnum, einstaklingum og lögaðilum sem dómstjóri þurfi að sinna og leysa úr. Samkvæmt áður nefndum lögum um dómstóla sé heimilt að kjósa varadómstjóra við héraðsdómstóla þar sem þrír eða fleiri héraðsdómarar eigi fast sæti. Að öðrum kosti telst staðgengill dómstjóra vera sá dómari við dómstólinn sem lengst hafi verið skipaður í embætti héraðsdómara. Vegna stærðar dómstólsins hafi sú heimild að kjósa varadómstjóra einungis verið nýtt við Héraðsdóm Reykjavíkur. Varadómstjóri hafi unnið náið með dómstjóra og sé fær um að taka við yfirstjórn dómstólsins í forföllum eða leyfi dómstjóra. Feli sú tilhögun í sér mun meiri festu í starfsemi dómstólsins en það fyrirkomulag að staðgengill dómstjóra hverju sinni sé sá dómari sem lengstan skipunartíma hafi. Varadómstjóri gegni fullu starfi héraðsdómara og sé staðgengilsstarfið því hrein viðbót við fast starf hans. Með því að raða varadómstjóra sérstaklega í launaflokk væri staðfest að hann sé nauðsynlegur hlekkur í yfirstjórn dómstólsins.

Með bréfum dagsettum 31. janúar 2013 fengu dómarar send bréf innanríkisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi Dómarafélags Íslands dagsettu 14. febrúar 2013 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna, en fyrri sjónarmið um heildarendurskoðun launakjara ítrekuð. Kjararáði barst einnig bréf dagsett 13. febrúar 2013 frá dómurum við Héraðsdóm Reykjaness þar sem áréttuð eru sömu sjónarmið. Auk þessa barst kjararáði bréf frá hæstaréttardómara dagsett 14. febrúar 2013. Í bréfinu eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við bréf ráðuneytanna. Með bréfinu fylgdi yfirlit yfir vinnustundir viðkomandi hæstaréttardómara á rúmlega mánaðartímabili í starfi í upphafi ársins 2013.

Kjararáði bárust bréf frá Dómarafélagi Íslands dagsett 12. desember 2013, 28. október 2014, 24. júní 2015 og 1. október 2015. Í bréfunum eru fyrri sjónarmið um heildarendurskoðun launakjara dómara ítrekuð. Í bréfinu frá 24. júní 2015 er jafnframt vakin sérstök athygli kjararáðs á því að staða endurmenntunarmála dómara sé óviðunandi. Sú lagaskylda hvíli á dómurum að halda við þekkingu sinni á öllum sviðum lögfræðinnar, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Á tímum örrar réttarþróunar og atburða sem leiði til þess að flókin og umfangsmikil mál komi til úrlausnar dómstóla sé brýnt að dómarar hafi forsendur til að fullnægja þessari skyldu. Þá segir að þrátt fyrir að nú sjái að einhverju leyti fyrir endann á þeim viðamiklu málum sem rakin verði til hruns á fjármálamörkuðum haustið 2008 telji félagið vísbendingar um að dómsmál séu almennt að þróast í þá átt að verða umfangsmeiri og flóknari, meðal annars vegna vaxandi vægis ýmissa alþjóðlegra reglna, ekki síst af vettvangi EES-samstarfsins og Evrópuráðsins. Mikilvægi endurmenntunar fari því síst minnkandi. Þá barst kjararáði einnig minnisblað stjórnar Dómarafélags Íslands þar sem gerð er grein fyrir núverandi fyrirkomulagi endurmenntunar og bent á leiðir til úrbóta.

Fulltrúar dómara komu á fund kjararáðs 1. nóvember 2012 og fylgdu eftir sjónarmiðum sínum. Framkvæmdastjóri og varaformaður Dómstólaráðs komu á fund kjararáðs 31. október 2013. Fulltrúar dómara, varaformaður Dómstólaráðs og skrifstofustjóri Hæstaréttar Íslands komu á fund með ráðinu 14. nóvember 2014. Þá kom fulltrúi innanríkisráðuneytisins á fund ráðsins 5. desember 2014 til að ræða ýmis málefni tengd stöðu dómsvaldsins. Fulltrúar dómara komu einnig á fund ráðsins 22. október 2015 og ítrekuðu sjónarmið sín.

III.

Í 2. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er mælt fyrir um þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Fjallað er sérstaklega um dómsvaldið í V. kafla stjórnarskrárinnar 944, nánar tiltekið í 59. - 61. gr. Segir þar að skipun dómsvaldsins verði ekki ákveðin nema með lögum. Einnig segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá því að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms. Í stjórnarskránni kemur fram að dómendur skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af launum sínum.

Samkvæmt lögum um dómstóla nr. 15/1998 með síðari breytingum er Hæstiréttur Íslands æðsti dómstóll ríkisins. Hann er áfrýjunardómstóll og hefur aðsetur í Reykjavík. Dómstólar í héraði eru átta talsins en þeir eru: Héraðsdómur Reykjavíkur, Héraðsdómur Vesturlands, Héraðsdómur Vestfjarða, Héraðsdómur Norðurlands vestra, Héraðsdómur Norðurlands eystra, Héraðsdómur Austurlands, Héraðsdómur Suðurlands og Héraðsdómur Reykjaness.

Samkvæmt áðurnefndum lögum nr. 15/1998 eiga níu dómarar sæti í Hæstarétti. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara ótímabundið samkvæmt tillögu innanríkisráðherra. Þann einn má skipa í embætti hæstaréttardómara sem náð hefur 35 ára aldri, hefur íslenskan ríkisborgararétt, er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu, hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta. Sá sem skipaður er í embætti hæstaréttardómara skal hafa lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt, hafa starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu og telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar. Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

Dómarar í héraði eru 38 að tölu og eru skipaðir ótímabundið í embætti héraðsdómara af innanríkisráðherra. Þann einn má skipa í embætti héraðsdómara sem hefur náð 30 ára aldri, er íslenskur ríkisborgari og er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu. Héraðsdómari má ekki hafa gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta. Hann þarf að hafa lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt, hafa í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt

lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi. Leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum. Þá þarf héraðsdómari vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

Innanríkisráðherra skipar fimm menn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Hæstarétti, þar af annar þeirra sem formaður nefndarinnar, og skal að minnsta kosti annar þeirra ekki vera starfandi dómari. Dómstólaráð tilnefnir þriðja nefndarmanninn en Lögmannafélag Íslands þann fjórða. Fimmti nefndarmaðurinn skal kosinn af Alþingi. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftast en tvisvar samfleytt. Dómnefnd skal láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna. Að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um störf nefndarinnar. Óheimilt er að skipa í dómaraembætti manns sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda, hvort heldur einn eða samhlíða öðrum. Frá þessu má þó víkja ef Alþingi samþykkir tillögu ráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum. Ráðherra skal þá leggja slíka tillögu fyrir Alþingi innan tveggja vikna frá því að umsögn dómnefndar er afhent honum eða innan þess tíma frá því að Alþingi kemur næst saman eftir að umsögn er fengin og verður tillaga að vera samþykkt innan mánaðar frá því að hún er lögð fram, ella er ráðherra bundinn af umsögn dómnefndar.

Hæstaréttardómarar kjósa sér forseta til fimm ára í senn og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta þegar hann hefur forföll eða er fjarstaddur. Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum laga, stýrir forseti meðal annars þeirri starfsemi Hæstaréttar sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með agavald yfir þeim. Hann ber ábyrgð á rekstri Hæstaréttar og fjárreiðum og kemur fram af hálfu dómstólsins út á við, auk þess að gegna þeim sérstöku störfum sem mælt er fyrir um í öðrum lögum. Eftir ákvörðun forseta taka þrír eða fimm dómarar við Hæstarétt hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að fleiri en fimm dómarar skipi dóm, en fjöldi þeirra skal þó standa á oddatölu. Þá getur forseti ákveðið að einn dómari skipi dóm í kærumáli sem er skriflega flutt og varðar ekki mikilsverða hagsmuni, svo og að einn dómari haldi þing til að taka ákvörðun um rekstur máls eða kveða upp dóm. Hæstiréttur getur ákveðið að dómurum sé skipað í deildir í afmarkað tímabil í senn eftir fastri almennri reglu. Ef mál er umfangsmikið getur forseti ákveðið að dómari, sem tekur ekki annars þátt í meðferð þess, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum ef annar dómari verður síðar fyrir forföllum. Þegar Hæstiréttur fær lögum samkvæmt við annað en meðferð máls fyrir dómi taka allir reglulegir dómarar þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum.

Innanríkisráðherra skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól til fimm ára í senn. Þar sem þrír eða fleiri dómarar eiga fast sæti við héraðsdómstól kjósa þeir einn úr sínum röðum til að gegna starfinu, en séu dómarnir tveir tilnefnir dómstólaráð annan þeirra til starfans ef þeir koma sér ekki saman um valið. Kosning eða tilnefning bindur ekki ráðherra um skipun dómstjóra. Ef dómari er einn við héraðsdómstól skal hann skipaður þar dómstjóri. Skipun dómstjóra raskast ekki þótt dómurum við dómstól fjölgi eða fækki á skipunartímanum. Við héraðsdómstól þar sem þrír eða fleiri héraðsdómarar eiga fast sæti er þeim heimilt að kjósa varadómstjóra, en að öðrum kosti telst staðgengill dómstjóra vera sá dómari við dómstólinn sem lengst hefur verið skipaður í embætti héraðsdómara. Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Dómstjóri skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna, hann getur skipt dómurum í deildir og úthlutar dómurum eða deildum þeirra málum. Dómstjóri ræður aðra starfsmenn dómstóls en

héraðsdómara og slítur ráðningu þeirra. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra. Hann fer á eigin ábyrgð með fé sem dómstólaráð leggur dómstólnum í hendur, hann annast samskipti við dómstólaráð um þau málefni sem undir það heyra og hefur annars með höndum verkefni sem dómstólaráð kann að fela honum sérstaklega. Þá kemur dómstjóri að öðru leyti fram út á við í þágu dómstólsins og er í fyrirsvari um sérstök málefni hans.

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem innanríkisráðherra skipar. Dómstólaráð kys sér formann frá byrjum hvers árs að telja. Hlutverk dómstólaráðs er meðal annars að fara með á sína ábyrgð fjárreiður héraðsdómstóla, gera tillögur til ráðherra um sameiginlega fjárveitingu til þeirra og skipta á milli þeirra fé sem skal veitt þeim í einu lagi á fjárlögum. Þá ákveður dómstólaráð fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og skipuleggur endurmenntun héraðsdómara og annarra lögfræðinga í þjónustu héraðsdómstóla.

Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómsathöfn verður ekki endurskoðuð af öðrum nema með málskoti til æðra dóms. Dómara er skylt að ljúka á eðlilegum tíma þeim málum sem hann fær úthlutað til meðferðar og rækja störf sín af alúð og samviskusemi. Dómara ber að hlíta boði forstöðumanns dómstóls um önnur atriði varðandi störf sín en meðferð og úrlausn máls. Héraðsdómurum ber og að hlíta lögmatum ákvörðunum dómstólaráðs. Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli nema annað sé skylt að lögum. Undantekningar eru helst þegar sérkunnáttu er þörf, mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði.

Dómurum ber að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Þeim skal eftir föngum gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar.

Dómara er óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi. Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara. Nefndin setur einnig almennar reglur um að hvaða marki samrýmanlegt sé embætti dómara að hann eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómari skal tilkynna nefndinni um hlut sem hann eignast í félagi eða fyrirtæki. Með rökstuddri ákvörðun getur nefnd um dómarastörf meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómara ber að hlíta slíku banni, en heimilt er að leita úrlausnar dómstóla um lögmati þess.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður fjallað heildstætt um launakjör dómara en laun þeirra hafa tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Frá árinu 2011 hefur kjararáð

ákveðið dómurum sérstakt tímabundið álag á föst laun til að bregðast við miklu álagi á dómstóla landsins í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008.

Í kafla III hér að framan er gerð grein fyrir helstu ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga sem gilda um dómstóla. Mörg þessara ákvæða helgast af sjónarmiðum um að tryggja beri sjálfstæði dómstóla. Sjálfstæðir dómstólar eru hornsteinar í lýðræðisþjóðfélögum og forsenda réttlátrar málsmeðferðar. Sjálfstæðir dómstólar sem uppfylla stjórnskipulegar kröfur um málshraða eru grundvallaratriði í réttarríki. Sjálfstæði dómstóla er einnig eitt meginatriði þeirra alþjóðlegu sáttmála sem Ísland er aðili að og ætlað er að tryggja mannréttindi borgaranna.

Mikilvægt er að til dómstarfa veljist hæfir og heilsteypfir einstaklingar og tryggt sé að engir utanaðkomandi hagsmunir eða þrýstingur frá stjórnvöldum, aðilum máls eða nokkrum öðrum hafi áhrif á störf þeirra. Stjórnarskráin setur sérstaka varnagla við því að dómendum verði vikið úr starfi eða þeir fluttir í annað embætti gegn vilja sínum. Þannig verður dómurum ekki vikið úr embætti vegna verka sem ekki hugnast framkvæmdarvaldinu. Störf dómara eiga sér ekki beina hliðstæðu á hinum almenna vinnumarkaði. Við ákvörðun um laun og kjör dómara telur kjararáð nauðsynlegt að hafa í huga og taka tillit til þess að dómsvaldið er einn þriggja hornsteina ríkisvaldsins og veitir löggjafar- og framkvæmdarvaldi nauðsynlegt aðhald. Þá skera dómstólar endanlega úr um lögskipti og réttarágreining einstaklinga og lögaðila, svo og sekt eða sýknu í sakamálum. Vegna þessa er nauðsynlegt að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði dómara og þannig leitast við að efla trúverðugleika dómstóla. Því verður að tryggja að kjör dómara verði ávallt meðal hinna bestu sem ríkisvaldið getur veitt. Hér verður að nefna að möguleikar dómara til þess að sinna launuðum aukastörfum eru takmarkaðir.

Kjararáð hefur aflað upplýsinga frá dómstólaráði og Hæstarétti Íslands um málafjölda, umfang og eðli þeirra mála sem dómstólunum berast. Fulltrúar Dómarafélags Íslands, dómstólaráðs, Hæstaréttar Íslands og innanríkisráðuneytis hafa fundað með ráðinu. Fram hefur komið að sífellt flóknara laga- og viðskiptaumhverfi geri auknar kröfur til dómara og fyrir dómstólum liggja flóknari og umfangsmeiri mál en áður. Við ákvörðun launakjara dómara verður ekki litið fram hjá þessari staðreynd. Þá skal áréttað að dómurum ber samkvæmt 3. mgr. 24. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 að leitast við að halda við lagabekkingu sinni. Þar segir einnig að dómurum skuli eftir föngum gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör dómara skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu laun og starfskjör dómara vera þessi:

Mánaðarlaun héraðsdómara skulu vera samkvæmt launaflokki 502-140, nú 1.021.423 krónur. Að auki skal greiða þeim 33 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun varadómstjórans í Reykjavík skulu vera samkvæmt launaflokki 502-141, nú 1.056.291 króna. Að auki skal greiða honum 33 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun dómstjóra utan Reykjavíkur skulu vera samkvæmt launaflokki 502-141, nú 1.056.291 króna. Að auki skal greiða þeim 42 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun dómstjórans í Reykjavík skulu vera samkvæmt launaflokki 502-143, nú 1.129.671 króna. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun hæstaréttardómara skulu vera samkvæmt launaflokki 502-147, nú 1.292.529 krónur. Að auki skal greiða þeim 48 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forseta hæstaréttar skulu vera samkvæmt launaflokki 502-149, nú 1.382.758 krónur. Að auki skal greiða honum 55 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 8.934 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Gangi dómari gæsluvaktir skal miða laun fyrir það við launaflokk hans.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör dómara gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015 að undanskildum kafla 4 um endurmenntun. Dómari á annars vegar rétt á námsleyfi á launum til endurmenntunar og hins vegar styrk til starfsmenntunar þannig:

Dómari á rétt á launuðu námsleyfi á fjögurra ára fresti til að stunda endurmenntun, fyrst eftir fjögur ár í starfi. Dómari ávinnur sér þriggja vikna leyfi á hverju ári. Þó getur uppsafnaður réttur mest orðið 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok. Dómari heldur launum í námsleyfi og fær greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar. Dómstólaráð setur nánari reglur um námsleyfi héraðsdómara og Hæstiréttur Íslands um námsleyfi hæstaréttardómara.

Ríkissjóður skal greiða sem svarar til 0,92% af heildarlaunum hvers dómara í sérstakan starfsmenntunarsjóð dómara. Kostnaður dómara við námskeið, námsstefnur, ráðstefnur eða sambærilega þekkingaröflun sem telja má til starfsmenntunar skal greiðast úr sjóðnum. Starfsmenntunarsjóður dómara skal taka við af endurmenntunarsjóði dómara. Innanríkisráðherra skal skipa þrjá menn í stjórn sjóðsins, þar af einn án tilnefningar og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar, einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og annan samkvæmt tilnefningu Dómstólaráðs. Stjórn sjóðsins semur reglur fyrir úthlutun úr honum sem taki gildi 1. janúar 2016, og tekur sjóðurinn við eignum og skuldbindingum endurmenntunarsjóðs dómara frá og með þeim degi. Stjórnin tekur ákvarðanir um varðveislu sjóðsins og ávöxtun.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Óskar Bergsson

Svanhildur Kaaber

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson